

# Figure Skating into the Future



## ICELAND 2014

### FRÉTTATILKYNNING

Helgina 23. – 25. maí verður haldið skautamót fyrir fatlaða á Íslandi, undir merkjum Inclusive Skating. Framkvæmdaaðilar eru skautadeild Aspar og Íþróttasamband fatlaðra í samvinnu við Inclusive Skating samtökin, Special Olympics á Íslandi og með stuðningi Skautasambands Íslands. Keppni fer fram í Skautahöllinni í Laugardal.

#### **Inclusive Skating (IS)**

Ísland hefur tekið þátt í þróunarstarfi Inclusive Skating en starfið felst í að þróa reglur og mót fyrir fólk með mismunandi fötlun. Stefnt er að því að skautagreinar verði í boði á Vetrarólympíumóti fatlaðra (Paralympics). Í forsvari Inclusive Skating er fólk sem býr yfir sérfræðilækkingu á þessu sviði og það er heiður fyrir Ísland að eiga fulltrúa í þeim hópi og að taka virkan þátt í að leiða þetta alþjóðaverkefni.

Árið 2005 tóku keppendur frá Special Olympics á Íslandi í fyrsta skipti þátt í listhlaupi á skautum á alþjóðavettvangi. Leikar Special Olympics samtakanna eru aðeins fyrir iðkendur með þroskahömlun, en þar geta allir verið með byrjendur sem lengra komnir. Inclusive Skating stendur að mótum þar sem boðið er upp á keppni í mismunandi fötlunarflokkum og því hafa hér opnast ný tækifæri fyrir þá sem ekki geta keppt á leikum Special Olympics.

Fyrsta mót Inclusive Skating var haldið í Dumfries í Skotlandi árið 2012 en leitað var til Íslands um að standa að framkvæmd mótsins 2014.

Keppendur eru tuttugu og tveir og koma frá Bretlandi, Canada, Íslandi og Skotlandi. Keppt er í 5 getuflokkum (level) og fjórum aldursflokkum.

#### **Föstudagur 23/5**

Opnunarhátíð  
kl.17:00-17:30

Æfing – skylduæfingar  
kl.17:30-19:00

#### **Laugardagur 24/5**

Keppni – skylduæfingar  
kl.08:30-10:50

Æfing – frjálsar æfingar  
kl.11:05-12:35

#### **Sunnudagur 25/5**

Keppni – frjálsar æfingar  
kl.09:00-11:35

Verðlaunaafhending  
kl.12:00-12:30  
Hr. Ólafur Ragnar Grímsson

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu mótsins [www.inclusiveskating.is](http://www.inclusiveskating.is).

Verkefnastjóri Inclusive Skating og greinastjóri skautaíþróttar fyrir Special Olympics á Íslandi er Helga Olsen. Sími: 698 0899, [olsen.helga@gmail.com](mailto:olsen.helga@gmail.com)

